

## Hluthafastefna

október 2018

Stefna þessi gildir um fjárfestingar Lífsverks í skráðum og óskráðum hlutafélögum. Tilgangur stefnunnar er að stuðla að auknu gagnsæi og upplýsingagjöf til sjóðfélaga og upplýsa aðra hagsmunaaðila, svo sem stjórnendur og aðra hluthafa, um afstöðu Lífsverks til stjórnarháttar í þeim félögum sem sjóðurinn á hlut í. Jafnframt er stefnunni ætlað að skapa aðhald gagnvart þeim fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í á hverjum tíma.

Markmið Lífsverks er að ávaxta eignasafn sjóðsins með sem bestum hætti með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávoxtunar og áhættu. Sjóðurinn er langtímafjárfestir og leggur áherslu á að þeim félögum sem sjóðurinn fjárfestir í sé stýrt með langtímahagsmuni þeirra í huga.

Lífsverk leitast við að kanna hvort fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í fylgi viðurkenndum leiðbeinandi reglum um góða stjórnarhætti, ábyrgar fjárfestingar, samfélagslega ábyrgð og samskipta- og siðareglur á fjármagnsmarkaði.

Atkvæðagreiðsla sjóðsins á hluthafafundum skal alltaf mótað af áherslum þessarar hluthafastefnu.

### Hluthafafundir


Lífsverk leitast við að sækja hluthafafundi þeirra félaga sem sjóðurinn á eignarhlut í. Framkvæmdastjóri fer með atkvæðisrétt sjóðsins á hluthafafundum eða annar sa aðili sem hann veitir umboð til að fara með atkvæðið. Lífsverk gengur út frá því að stjórn félags leitist ávallt við að gæta sem best langtímahagsmuna félagsins, sem fari saman við hagsmuni sjóðfélaga og því styður Lífsverk almennt tillögur stjórnar á hluthafafundum.

### Val á stjórnamönnum

Lífsverk leitast við að tilnefna fulltrúa í stjórnir fyrirtækja eigi sjóðurinn þess kost í krafti eignarhalds, ýmist einn eða í samstarfi við aðra hluthafa. Gerð er krafa til stjórnamanna um að menntun þeirra og hæfi fái samrýmst þeirri ábyrgð sem þeir takast á hendur með stjórnarsetu og að viðkomandi stjórarmaður hafi tíma til að rækja störf sín af heilindum. Lífsverk leggur áherslu á að stjórnamenn sem sjóðurinn tilnefnir eða styður opinberlega við kjör í stjórn fyrirtækis kynni sér hluthafastefnu sjóðsins og að viðkomandi einstaklingur sé líklegur til að vinna féluginu heilt til langs tíma og skamms. Lífsverk hefur ekki bein afskipti af stjórnarstörfum viðkomandi einstaklings eftir að hann hefur verið kosinn í stjórn þess fyrirtækis sem sjóðurinn fjárfestir í.

Stjórnamenn Lífsverks taka ekki sæti í stjórn þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í, né heldur framkvæmdastjóri, nema með sérstöku samþykki stjórnar sjóðsins. Starfsmenn sjóðsins geta tekið sæti í stjórnum, fjárfestingarráðum og ráðgjafarráðum fyrirtækja sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins, eða fyrirtækjum sem sjóðurinn á hlut í og hafa eingöngu fjárvörsu og fjármálaumsýslu að markmiði.

Framkvæmdastjóri tekur ákvörðun um tilnefningu eða stuðning við ákveðna frambjóðendur í stjórnarkjöri.



Síða 1 af 2  
RHD

## Lífsverk – Hluthafastefna

### Stjórnarhættir

Lífsverk gerir kröfu til fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í að þau tileinki sér og framfylgi, að svo miklu leyti sem unnt er, reglum NASDAQ, SA og Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja, eða öðrum viðurkenndum leiðbeiningum um sama efni.

### Starfskjör stjórnenda

Lífsverk telur eðlilegt að við ákvörðun starfskjara forstjóra sé horft til stærðar og umfangs rekstrar og launadreifingar innan viðkomandi fyrirtækis og tekið mið af launakjörum á þeim markaði sem félagið starfar á. Við ákvörðun launa stjórnarmanna sé litið til umfangs og ábyrgðar starfsins. Sjóðurinn gerir þá kröfu að fyrir liggi greinargóðar upplýsingar og rök fyrir breytilegum starfskjaraþáttum sem rúmast innan starfskjaraстefnu, s.s. hvers konar árangurstengdum greiðslum og kaup- og söluréttum hlutabréfa, sem fari jafnframt saman við langtíma markmið félagsins í þágu hluthafa. Telji Lífsverk tillögur til aðalfundar um stjórnarlaun eða starfskjör ekki í samræmi við það sem eðlilegt má teljast, kemur stjóðurinn þeim sjóðnarmiðum á framfæri.

### Samfélagsleg ábyrgð


Lífsverk telur æskilegt að stjórn og stjórnendur þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í setji sér skriflegar reglur um siðferði og samfélagslega ábyrgð sem taka mið af starfsemi og starfsumhverfi viðkomandi félags.

### Sjálfbær nýting takmarkaðra auðlinda

Lífsverk leggur áherslu á að þau félög sem sjóðurinn á hlut í stuðli á öllum tínum að sjálfbærri nýtingu allra takmarkaðra auðlinda sem viðkomandi félag byggir starfsemi sína á enda getur nýting á annan hátt aldrei samræmst hagsmunum sjóðsins sem fjárfestis með langtímahagsmuni í huga.

Reglur þessar skulu uppfærðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi Lífsverks lífeyrissjóðs 17. október 2018.

  
Björn Ólafsson  
Mártind Árnadóttir  
Erla Þórunn Þórssdóttir  
Guðrún Þórssdóttir